

**Samantekt: Kostnaðar- og ábatagreining á hjartaþræðingum og kransæðavíkkunum með tilliti til biðlista á Íslandi**

**Nemandi: Lovísa Ólafsdóttir**

**Sérsvið: Heilsuhagfræði**

**Dagsetning: Maí 2007**

Í greiningu þessari var lagt mat á í hverju kostnaður og ábati væri fólgin með styttingu biðtíma í hjartaþræðingar og kransæðavíkkunar. Skoðað var annars vegar í hverju kostnaður eða ábati einstaklingsins væri með tilliti til lífsgæðaaukningar og hinsvegar kostnaður eða ábati atvinnurekanda/lífeyrissjóðs. Lagt var mat á kostnað eða ábata ríkisins og þar með Landspítala Háskólasjúkrahúss og Tryggingastofnunar ríkisins við að eyða biðtímanum ásamt því að leggja mat á þjóðhagslegan ávinning.

Niðurstaða greiningarinnar sýndi að fórnarkostnaður einstaklings við að bíða í sex til sjö mánuði eftir að komast í hjartaþræðingu eða kransæðavíkkun liggur í óverulegum kostnaði tengdu meðal annars lyfjakostnaði og læknisheimsóknum. Með íhlutun er ekki talið að verið sé að lengja líf viðkomandi ef um langvinnt stöðugt ástand er að ræða, hinsvegar er verið að auka á lífsgæði einstaklinga til muna með því að dregið er úr einkennum sem valda vanlíðan og óþægindum. Aftur á móti er talið að verið sé að lengja líf einstaklinga þegar um bráðakransæðavíkkun er að ræða. Af þeim 113 einstaklingum sem greindust með bráða kransæðastíflu við hjartaþræðingu voru 76 einstaklingar á vinnandi aldri eða yngri en 69 ára. Hvað varðar kostnað atvinnurekanda/lífeyrissjóðs vegna veikinda er heildarkostnaðurinn 1.583.366 ISK á verðlagi 2006 miðað við að meðallaun einstaklings séu 396.000 krónur og 20% skert starfshlutfall á biðtíma. Miðað við að gengið sé útfrá 18% skerðingu á lífsgæðum útfrá vinnuframlagi er lífsgæðaábati einstaklings við að eyða biðtímanum 854.919 ISK. Samanlagður ábati atvinnurekanda/lífeyrissjóðs og lífsgæðaábati einstaklings er reiknaður til 2.438.286 ISK á verðlagi 2006 og því hagur atvinnurekanda mikill. Heildarkostnaður Landspítala Háskólasjúkrahúss við framkvæmdir hjartaþræðinga og kransæðavíkkunar fyrstu sex mánuði ársins 2006 var 214.559.373 ISK. Útfrá meðalverði á aðgerð og 12% ávöxtunarkröfu er fjármagnskostnaður ríkisins við að eyða biðtíma talin óverulegur eða um 28.392 ISK á aðgerð. Útfrá heildarfjölda einstaklinga á biðlista í sjö mánuði er fjöldi óvinnufærra manna á biðtímanum miðað við 10% skert starfshlutfall tæplega 62 einstaklingar og töpuð þjóðarframleiðsla er reiknuð til 231.560.933 ISK. Hagur ríkisins sem stefnumótandi aðila í

heilbrigðismálum í landinu er ótvíræður og hlýtur ríkið þar af leiðandi að leita nýrra tækifæra og leiða í að auka á hagræðingu og atvinnusköpun í landinu.

Leitarorð (*keywords*): cardiovascular disease, economics, coronary artery disease, QALY.